

Aðalfundur Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar ÆSKP
Miðvikudaginn 4. mars 2015
Neskirkju við Hagatorg

1. Fundur settur kl. 17:13. Tillaga gerð um að Arna Ýrr Sigurðardóttir verði fundarstjóri. Samþykkt samhljóða
2. Arna Ýrr, fundarstjóri, tekur við fundarstjórn. Lagt til að Þórunn Harðardóttir verði fundarritari og var það samþykkt samhljóða.
3. Afhending á söfnun Landsmóts til hjálparstarfs kirkjunnar. Landsmótsstjóri og framkvæmdarstjóri afhenda framkvæmdarstjóra Hjálparstarfs kirkjunnar afrakstur söfnunar Landsmóts 2014 en þar safnaðist alls 314.361 kr.
4. Skýrsla framkvæmdarstjórnar kynnt. Framkvæmdarstjórinn les skýrsluna. Sjá skýrslu. Inga lýsir yfir sérstakri ánægju sinni með þátttöku ÆSKP í Gleðigöngunni árið 2014.
5. Ársreikningur. Guðmundur Karl, gjaldkeri fer yfir reikningana. Sitjandi gjaldkeri fær hrós fyrir vinnu sína. Sr. Magnús ánægður með að hagnaður eykst milli ára. Guðmundur Karl bendir á að fyrir vikið er hægt að vera sveigjanlegri þegar kemur að viðburðum. Sigurvin tekur fram hversu mikilvægt það sé að sambandið sé byggt á sjálfböðavinnu. Reikningar samþykktir af fundarmönnum.
6. Rekstraráætlun og ákvörðun félagssgjalda. Guðmundur Karl fer yfir áætlunina. Sr. Magnús tekur fram að mikilvægt sé að ráðstafa ekki hagnaði sambandsins í Landsmótið, það sé ýmislegt sem gæti komið upp á á hverju móti. Umræða um félagssjöld. Samþykkt að halda þeim óbreyttum.
7. Skýrsla framkvæmdarstjóra. Guðrún Karls Helgudóttir segir nokkur vel valin orð og lýsir yfir gífurlega mikilli ánægju sinni með störf ÆSKP og hversu faglega stjórnin vinnur sitt starf. GKH lýsir yfir vonbrigðum með hversu lítinn pening sambandið fær til að halda úti starfsmanni. Guðrún tekur fram að hún ætlar ekki að halda áfram sem formaður.
8. Starfsáætlun. Eva Björk, framkvæmdarstjóri fer yfir starfsáætlunina. GKH lýsir yfir ánægju sinni með að ÆSKP tekur þátt í Gleðigöngunni í ár og hvetur fundarmenn til að taka þátt í ár. Starfsáætlun samþykkt.
9. Skýrsla landsmótsstjóra. Sr. Magnús fer yfir reynslu sína af undirbúningi landsmóts og skýrslu sína sem framkvæmdarstjóri landsmóts 2014. 702 þátttakendur í heildina, með kvenfélagskonum og öðrum sem komu að mótinu. Sr. Magnús þakkar öllum þeim sem komu að mótinu fyrir sitt framlag. Hjalti Jón sendir þakkir til kvenfélagskvenna á mótinu, hans unglingar voru sérstaklega ánægðir með viðmót þeirra. HJ lýsir yfir ánægju sinni með fræðsluna á landsmótinu og hversu vel sambandið er

með puttann á púlsinum með hvað er í gangi í Þjóðfélaginu. Inga í Hallgrímskirkju tekur undir orð HJ um fræðsluna, fannst vel að fræðslunni staðið, gott að geta farið úr aðstæðum ef unglingsarnir vildu á meðan fræðslunni stóð. Sigurvin bendir á að Þorbjörg hjá Barnahúsi hafi verið á svæðinu til að taka á þeim málum sem gætu hafa komið upp. GKH þakkar sr. Magnúsi fyrir að vera "límið" í samfélaginu og þakkar honum fyrir sitt framlag til mótsins.

10. Kosning formanns. Fundarstjóri óskar eftir uppástungum. Sigurvin gefur kost á sér og óskar eftir að flytja ræðu. Sigurvin ræðir fagmennsku sambandsins og lýsir yfir vonbrigðum með hversu fáar kirkjur eru með óskert æskulýðsstarfshlutfall. Sigurvin Lárus Jónsson kosinn formaður ÆSKP með öllum greiddum atkvæðum.
11. Kosning gjaldkera: Guðmundur Karl Einarsson gefur kost á sér aftur. GKE kosinn með öllum greiddum atkvæðum.
12. Kosning ritara. Þórunn Harðardóttir býður sig fram til eins árs og kosin með öllum greiddum atkvæðum.
13. Kosning fimm manna varastjórnar. Kosningar voru leynilegar og niðurstöður þessar:
 - Náðu kjöri:**
 - a. Bryndís Valbjarnardóttir (12)
 - b. Guðrún Karls Helgudóttir (12)
 - c. Ása Laufey Sæmundsdóttir (10)
 - d. Hjalti Jón Sverrisson (10)
 - e. Inga Harðardóttir (7)
 - Náðu ekki kjöri:**
 - f. Elmar Freyr Árnason (5)
 - g. Fritz Már Jörgensson (4)
14. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga. Pétur Þorsteinsson og Magnús Magnússon kosnir áfram.
15. Tillögur og ályktanir. Engar tillögur og ályktanir.
16. Önnur mál. Sigurvin bendir á að Ármann Gunnarsson djákni hafi tekið þátt í mannréttindaverkefnum fyrir hönd ÆSKP og biðlar til sitjandi fundarmanna hvort einhver hafi köllun til þess að taka þátt í þessum viðburðum fyrir hönd félagsins.
17. Fundaslit. Fundarstjóri afhendir fráfarandir formanni orðið. Fundi slitið kl. 18:39.